

Minnisspil úr laufum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur þekki íslenskar trjátegundir og einkenni þeirra, átti sig á þeim fjölda trjátegunda sem er að finna í nágrenninu og fjölbreytileika þeirra. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

Námsgreinar: Náttúrufræði, íslenska.

Aldur: Miðstígg.



VERKLÝSING

Byrjum á hugarflugi um grenndarskóginn og veltum fyrir okkur hvaða tré þar er að finna og skráum allar trjátegundir sem við þekkjum (einnig runna). Því næst er nemendum skipt í 4-5 manna hópa. Hver hópur fær einn poka og þá er haldið út í skóg. Þar safna nemendur laufum af þeim trjám og runnum sem þau finna (gott er að safna 3-4 sýnum af hverri tegund þar sem líklegt er að einhver skemmist).

Þegar nemendur eru komnir með úrval af laufum er farið aftur inn í stofu. Þar sitja nemendur í hópnum sínum og greina þau lauf sem hópurnir safnaði með aðstoð bókarinnar (sjá efni og áhöld) og skrá á blað. Þegar því er lokið greinir hver hópur frá því hvaða lauf hann hafi fundið. Þá er komið að því að þurrka og pressa laufin. Laufum er raðað á milli síðna í dagblaði og farg sett ofan á.

Þegar laufin eru orðin þurr (eftir u.þ.b. tvo daga) ná nemendur í laufin sín og velja úr þau sem eru fallegust (heillegust og sléttust), eitt af hverri tegund. Nemendur líma síðan laufin sín á karton og skrifa heiti viðkomandi trés eða runna á annað karton. Þegar nemendur hafa lokið þessu eru þeir komnir með eins konar minnisspil sem þeir geta leikið sér með.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Laufblöð, bókin „Ég greini tré“ eftir Sveinbjörn Markús Njálsson, 4-5 plastpokar, dagblöð, farg, lím, karton.

Ekki láta líða of langan tíma frá því að laufin eru pressuð þar til spilið er útbúið (laufin verða of þurr og vilja brotna). Önnur útgáfa af þessu spili er að hafa tvennt af hverri tegund (eins og yfirleitt á við um minnisspil) eða skanna inn mynd af trjám og runnum sem para á saman við laufin. Til þess að spilið endist lengur og sé eigulegra er mikilvægt að plasta það.

Heimild: skoleniskoven.dk